

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, nr. 1213/2022.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar orðast svo:
Sveitarstjórn Borgarbyggðar heldur reglulega fundi sveitarstjórnar annan fimmtudag í hverjum mánuði kl. 16.00 nema sérstakar aðstæður kalli á annað.

2. gr.

1. tölul. I. kafla B-liðar 47. gr. samþykktarinnar orðast svo:
Velferðarnefnd. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Nefndin fer með málefni félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. sömu lögum og reglugerðum þeim tengdum, þ.e. félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónustu, málefni barna og ungmenna, þjónustu við unglinga, þjónustu við aldraða, þjónustu við fatlað fólk, húsnæðismál og vímuvarnir/forvarnir, félagslegar leiguíbúðir, sérstakar húsaleigubætur, málefni aldraðra og forvarnamál. Nefndin fer með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, sbr. lög nr. 151/2020, um stjórnýslu jafnréttismála. Velferðarnefnd hefur umsjón með framkvæmd laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og málefni aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018. Nefndin fer með húsnæðismál samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Velferðarnefnd er auk þess falin yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum mála-flokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.

3. gr.

2. gr. viðauka 1.1. við samþykktina orðast svo:
Skipulags- og byggingarnefnd afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga, nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Ákvörðun um hvort að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
2. Samþykkt og kynning lýsingar deiliskipulags samkvæmt ákvæðum 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
3. Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
4. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi og athugasemdir hafa verið gerðar af hálfu hagsmunaaðila eða lögbundinna umsagnaraðila, en framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
5. Ákvörðun um að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
6. Ákvörðun um að beita dagsektum í samræmi við 54. gr. skipulagslaga.

4. gr.

2. gr. viðauka 1.2. við samþykktina orðast svo:
Skipulagsfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010, án staðfestingar sveitarstjórnar, sem eru á verkefnasviði skipulags- og byggingarnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Samþykkir og gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. laganna fyrir framkvæmdum sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

2. Samþykkir og gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. laganna þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir ef engar athugasemdir hafa verið gerðar við grenndarkynningu og athugasemdir ekki gerðar af hálfu lögbundinna umsagnaraðila séu þeir til staðar.
3. Afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. málsl. 1. mgr. 42. gr. laganna.
4. Afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu.
5. Framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
6. Stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, er fallið úr gildi eða framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaaðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.
7. Grenndarkynnir tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt er að fresta afgreiðslu slíkra erinda þegar fyrir liggur ákvörðun sveitarstjórnar að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði.
8. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi ef engar athugasemdir hafa borist af hálfu hagsmunaaðila eða lögbundinna umsagnaraðila, og framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
9. Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykta deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í Stjórnartíðindum skv. 42. gr. skipulagslaga nema skipulags- og byggingarnefnd ákveði annað.
10. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða, sbr. einnig 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.
11. Framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til skipulags- og byggingarnefndar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

5. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, viðauki 1.8. um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar, sem birtur er með samþykkt þessari.

6. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 29. desember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKI 1.8

**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar
samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

1. gr.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu sem taldir eru upp í 2. mgr. 1. gr. fara með vald til fullnaðarafgreiðslu mála með samþykkt þessari skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Starfsmenn barnaverndarþjónustu bera ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Eftirtaldir starfsmenn fara með vald til fullnaðarafgreiðslu:

1. Félagsmálastjóri er starfandi forstöðumaður barnaverndarþjónustu á hverjum tíma.
2. Félagsráðgjafi í barnavernd.

2. gr.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu skv. 2. mgr. 1. gr. viðauka þessa afgreiða mál er falla undir 1. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

3. gr.

Eftir að starfsmenn barnaverndarþjónustu sem hafa fullnaðarafgreiðsluvald hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til velferðarnefndar.

4. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 12. gr. barnaverndarlaga, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.